

Breytingartillögur

við frv. til fjárukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BjarnB, BJJ, ArnbS).

1. Við 4. gr. Liður 2.26 orðist svo:
2.26 Að selja fasteign Vegagerðarinnar við Dufþaksbraut 10 á Hvolsvelli og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2. Við 4. gr. Nýr liður:
6.41 Að kaupa jörðina Vestaraland IV í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
3. Við 4. gr. Nýir liðir:
7.19 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar.
7.20 Að ganga til viðræðna við Sandgerðisbæ um hugsanlegar greiðslur til bæjarins í tengslum við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 564/2002.
7.21 Að semja við Byggðastofnun um yfirtöku á eignum Ferðamálasjóðs og heimila nauðsynlega fjármögnun vegna þess.
7.22 Að semja um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við sveitarfélög vegna verkefna sem hafa verið í samrekstri ríkis og sveitarfélaga og ganga frá uppgjöri vegna þess.